

Fundargerð

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

9. fundur

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar kom saman til 9. fundar í ráðhúsi Borgarbyggðar þann 20. maí 2026 kl. 12:00.

Fundinn sátu:

- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Þómar, Skorradalshreppi
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Guðveig Lind Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG sem ritaði fundargerð (sat fundinn á Teams)

1. Skilaskýrsla undirbúningsstjórnar

Farið yfir drög að skilaskýrslu undirbúningsstjórnar og gerðar tillögur að breytingum.

Rætt um stöðu verktaka sem sinnir hlutverki skipulagsfulltrúa í Skorradalshreppi, Ráðgjafa falið að kanna lagaákvæði og leita álits lögfræðings og uppfæra texta skilaskýrslu með hliðsjón af niðurstöðu. Einnig rætt um þörf fyrir gerð milliuppgjörs fyrir eldri sveitarfélögin við sameiningu þeirra. Ráðgjafa falið að leita álits endurskoðenda sveitarfélaganna og uppfæra texta í skilaskýrslu miðað við álit þeirra.

Ráðgjöfum falið að uppfæra skjalið samkvæmt ofangreindu og umræðum á fundinum og senda nefndinni til staðfestingar í tölvupósti.

2. Boð um fund með nýrri sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags

Undirbúningsstjórn býðst til að funda með sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags þegar hún hefur tekið til starfa, sé þess óskað, og fara yfir verkefni sem leiða af sameiningu sveitarfélaganna og hugmyndir nefndarinnar um forgangsöðun verkefna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:10.